

Miðvikudaginn 8. júní 1994.

Nr. 205/1994.

**Íslenska úrvarpsfélagið hf.**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

**Ólafi B. Ólafssyni**

(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Lögbann. Málskostnaður hjá stjórnvaldi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1994, sem barst réttinum 3. maí sl. Kæruheimild er 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 2. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði lögbann við því, að varnaraðili, „hvort sem er í atvinnuskyni eða með öðrum hætti bjóði upp á þá þjónustu og framkvæmi, hvort sem er gegn gjaldi eður ei, að afrita svokallaða minniskubba í myndlyklum, fjölfalda afritin og setja í myndlykla „viðskiptavina“ sinna í því skyni, að viðkomandi komist hjá því að greiða áskriftargjöld að „lokaðri“ sjónvarpsdagskrá kæranda“. Þá er þess krafist, að ákvörðun sýslumanns um málskostnað til handa varnaraðila verði hnekkkt og varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í máli þessu biður sóknaraðili um lögbann við tiltekinni háttsemi, er fari í bága við rétt hans til útsendinga á sjónvarpsefni og samskipti hans við áskrifendur að þeim. Engin sérstök dæmi eru tilgreind um þá starfsemi varnaraðila, sem krafist er, að lögbann verði lagt við. Gegn andmælum hans er eigi unnt að leggja til grundvallar óstaðfesta frásögn í vikublaði og segulbandsupptöku með símaviðtali, sem varnaraðili viðurkennir ekki að vera þátttakandi í. Framlagðar auglýsingar í dagblaði skipta ekki sköpum.

Við gildistöku laga nr. 31/1990 voru heimildir til lögbanns takmarkaðar frá því, sem var í lögum nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann. Ekki eru efni til að víkja frá sönnunarkröfum, sem gera verður í málum af þessu tagi. Sóknaraðili verður hins vegar ekki sakaður um aðgerðaleysi varðandi grun sinn um það, að varnaraðili stundi starfsemi, er raski hagsmunum hans í þessu efni, en þeir varða grundvöllinn að sjónvarpsrekstri hans. Virðist hann hafa margreynt á árunum 1991 og 1992 að reka réttar síns með kærnum á hendur varnaraðila til þeirra, er annast rannsókn og meðferð opinberra mála. Á hinn bóginn er ekki leitt í ljós, hver árangur hafi orðið af þessum kærnumálum og hvað álykta megi um starfsemi varnaraðila af niðurstöðum þeirra.

Samkvæmt framansögðu hefur sóknaraðili ekki sýnt nægilega fram á, að þörf hans fyrir lögbann sé svo brýn, að skilyrðum 24. gr. laga nr. 31/1990 um framgang þess fyrir sýslumanni verði talið fullnægt.

Þegar sýslumaður tók framangreinda ákvörðun, ákvað hann varnaraðila jafnframt 30.000 krónur „í kostnað af málinu fyrir sýslumanni“. Sóknaraðili hafði þá kröfu ekki uppi við sýslumann þegar í stað, að héraðsdómur tæki þessa ákvörðun einnig til úrlausnar, svo sem nauðsynlegt var, ef hann vildi bera hana undir dóm, sbr. 2. mgr. 33. gr. laga nr. 31/1990. Bar héraðsdómara því að vísa kröfunni frá dómi.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að málskostnaður í héraði og kærnumálskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Kröfu sóknaraðila um, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 11. febrúar 1994 um málskostnað til handa varnaraðila verði hnekkt, er vísað frá héraðsdómi.

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 11. febrúar 1994 þess efnis, að synjað verði um framgang umbeðinnar lögbannsgerðar.

Málskostnaður í héraði og kærnumálskostnaður fellur niður.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. apríl 1994.**

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málf lutningi þann 15. mars 1994. Málið barst Héraðsdómi Reykjavíkur 15. febrúar 1994 með kröfu Íslenska útvarpsfélagsins, kt. 500685-0269, Lynghálsi 5, Reykjavík, dagsettri sama dag, um úrlausn dómsins um synjun sýslumannsins í Reykjavík við því, að lagt yrði lögbann við því, að „gerðarþoli hvort sem er í atvinnuskyni eða með öðrum hætti bjóði upp á þá þjónustu og framkvæmi, hvort sem er gegn gjaldi eður ei, að afrita svokallaða minniskubba í myndlyklum, fjölfalda afritin og setja í myndlykla „viðskiptavina“ sinna í því skyni að viðkomandi komist hjá því að greiða áskriftargjöld að „lokadri“ sjónvarpsdagskrá gerðarbeiðanda“.

Jafnframt krefst sóknaraðili þess að ákvörðun sýslumanns um málskostnað, kr. 30.000,00 til handa gerðarþola verði hnekkt. Þá krefst sóknaraðili þess að gerðarþoli verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Varnaraðili krefst þess að umbeðin lögbannsgerð nái ekki fram að ganga og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola kostnað vegna máls þessa samkvæmt mati.

*Málsatvik.*

Íslenska útvarpsfélagið hf. hefur frá árinu 1991 sent út sjónvarpsefni undir merkjum Stöðvar 2 í gegnum svokallað áskriftarkerfi.

Það efni, sem sjónvarpað er í dagskrá Stöðvar 2, er ýmist efni sem sóknaraðili hefur sjálfur framleitt eða keypt sýningarrétt á. Til að útiloka aðgang annarra en áskrifenda að sjónvarpsdagskránni er útsendingum dreift í gegnum myndlyklakerfi. Áskrifendur ná útsendingum í gegnum myndlyklakerfið, en útsendingar til annarra eru truflaðar. Í hverjum myndlykli er minniskubbur (e-prom) sem í er brennt númer sem gerir þá ólíka innbyrðis, þ.e. reikna verður út lyklnúmer fyrir hvern einstakan myndlykil.

Sú athöfn, sem krafist er lögbanns við í máli þessu, lýtur að því að breyta myndlyklum, þ.e. afrita minniskubba myndlykla og fjölfalda þá í þeim tilgangi að margir geti notað sama lyklnúmer og komist af með að borga aðeins eina áskrift.

---

*Niðurstaða.*

Í 24. gr. laga nr. 31/1990 er mælt fyrir um skilyrði lögbanns, en þar segir: „Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar, ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það, og að

réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.“

Samkvæmt niðurlagi ákvæðisins verður lögbann því ekki lagt á, nema gerðarbeiðandi sanni eða geri sennilegt að hagsmunir hans fari forgörðum eða verði fyrir teljandi spjöllum, verði gerðarbeiðandi knúinn til að bíða dómsúrlausnar um vernd þeirra. Það felur í sér að á undan þurfi að ganga að gerðarþoli hafi raskað þessum réttindum gerðarbeiðanda. Sönnun gerðarbeiðanda þarf því ekki aðeins að lúta að því að gerðarþoli framkvæmi eða muni framkvæma athöfn sem brjóti gegn lögvörðum rétti gerðarbeiðanda, heldur einnig verður hún að lúta að því að réttindi hans muni tapast eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til að fara hefðbundna dómstólaleið.

Í málinu hefur verið lagt fram viðtal við varnaraðila sem birtist í DV 31. október 1991 ásamt mynd, sem ætla má frá samhengi viðtalsins í heild, að sé af varnaraðila. Í viðtalinu kemur m.a. fram að hann taki viðurkennda af ruglara og endurriti þá, þannig að margir notendur geti notað sama númerið. Þá hefur sóknaraðili lagt fram önnur gögn sem einnig renna stóðum undir að varnaraðili hafi stundað þá starfsemi sem krafist er lögbanns við og að sú starfsemi hafi brotið gegn lögvörðum réttindum hans.

Hins vegar er það álit dómsins að sóknaraðila hafi hvorki tekist að sanna né gera sennilegt, að varnaraðili framkvæmi eða muni framkvæma þá athöfn, sem lögbanns er krafist við, né sannað eða gert sennilegt, að réttindi hans muni tapast eða skerðast, verði hann knúinn til að fara hefðbundna dómstólaleið til verndar þeim. Verður einkum að líta til þess að lögbann er neyðarúræði, sem aðeins verður beitt, þegar almenn úrræði eins og höfðun dómsmáls, eru of seinvirk, en í málinu hefur komið fram að sóknaraðili hafi haft vitneskju um starfsemi þá, sem hann nú krefst lögbanns við, frá árinu 1991. Með vísan til þess, sem að ofan sagði um eðli lögbanns sem neyðar-ráðstöfunar, þykir sóknaraðili ekki hafa sannað eða gert sennilegt að hagsmunir hans fari forgörðum, verði hann knúinn til að bíða dómsúrlausnar um vernd þeirra.

Verður því að hafna kröfu sóknaraðila um að lagt verði lögbann við því að „gerðarþoli hvort sem er í atvinnuskyni eða með öðrum hætti bjóði upp á þá þjónustu og framkvæmi, hvort sem er gegn gjaldi eður ei, að afrita svokallaða minniskubba í myndlyklum, fjölfalda afritin og setja í myndlykla „viðskiptavina“ sinna í því skyni að viðkomandi komist hjá því að greiða áskriftargjöld að „lokaðri“ sjónvarpsdagskrá gerðarbeiðanda“, og staðfesta þá ákvörðun sýslumanns að synja um framgang gerðarinnar.

Í 85. gr. laga nr. 90/1989 segir, að gerðarbeiðanda sé heimilt, meðan að-

farargerð er ólokið, að krefjast úrlausnar héraðsdómara um einstakar ákvarðanir, sem sýslumaður tekur um framkvæmd hennar, ef gerðarbeiðandi hefur þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina. Endurrit úr gerðabók sýslumanns ber ekki með sér að gerðarbeiðandi hafi haft þá kröfu uppi að bera ákvörðun sýslumanns um málskostnað gerðarþola undir héraðsdóm. Ber því að hafna þeirri kröfu sóknaraðila, að ákvörðun sýslumanns varðandi þetta atriði verði hnekkt.

Með hliðsjón af þessum úrslitum greiði sóknaraðili varnaraðila kr. 50.000,00 í málskostnað.

Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 11. febrúar 1994 um að synjað verði um framgang umbeðinnar lögbanngerðar í málinu nr. L-4/1994.

Kröfu sóknaraðila um, að ákvörðun sýslumanns um málskostnað til handa gerðarþola verði hnekkt, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 50.000,00 í málskostnað.

---